

Mættu vera fleiri á ferðinni

● Fjallasýn hefur boðið upp á vetrarferðir í Þingeyjarsýslum í rúma þrjá áratugi ● Gististöðum víða er lokað yfir vetrarmánuðina ● Helsta áskorun ferðapjónustunnar að dreifa ferðamönnum um landið

Atli Vigfússon
Laxamýri

Það er lítið um að vera í ferðapjónustu í Þingeyjarsýslum yfir háveturinn og víða er lokað yfir „dauða tímenn“ en svo hafa sumir nefnt þessa mánuði þegar minnst er um að vera. Gististaðir, hótél og veitingahús eru meira og minna lokað og það er ekki fyrr en sól fer verulega að hækka á lofti að fólk sér sér hag í því að hafa opið. Í Mývatnssveit voru miklar lokanir sl. haust og sama var upp á teningnum annars staðar. Af þessu hafa margir áhyggjur og velta því fyrir sér hvernig megi gera vetrarferðir eftirsóknarverðar inn á svæðið.

„Það var áfall í haust að heyra hversu margir ætluðu að loka og það er eins og að fara aftur í tímann. Austan Vaðlaheiðar er mjög litla þjónusta að fá en það er auðvitað skiljanlegt að ekki geti allir haft opið á þessum erfiða árstíma. Þjónustan byrjaði að falla strax í október og það er ekki fyrr en núna í febrúar sem sumir opna. Almennt séð er litla þjónusta að hafa í nokkra mánuði.“ Þetta segir Rúnar Óskarsson hjá Fjallasýn sem er ferðapjónustufyrirtæki sem hefur haft ákveðið frumkvæði í vetrarferðamennsku allt frá árinu 1990.

„Það þarf mikið úthald til þess að vinna að því að fá fólk til þess að koma í vetrarferðalög og það er ljóst að það verður ekki mikil umferð hér á Norðausturlandi nema til komi meira beint flug inn á svæðið, þ.e. til Akureyrar og einnig til Egilsstaða. Flestir koma til Keflavíkur þegar þeir koma til landsins og þeir ferðamenn eru almennt ekki að skila sér norður í Þingeyjarsýslur á þessum tíma árs,“ segir Rúnar en bætir því við að verið sé að reyna ákveðna hluti og t.d. verður beint flug til Akureyrar með farþega frá Hollandi næstu 5 helgar. Hann fagnar líka tillomu Niceair en gallinn er sá, að hans sögn, að það flugfélag hefur ekki enn getað flogið til Bretlands en breskir ferðamenn hafa verið duglegir að sækja Ísland heim.



Morgunblaðið/Atli Vigfússon

Í ferðapjónustu af lífi og sál Hulda Jóna Jónasdóttir og Rúnar Óskarsson hjá Fjallasýn.

Vetrarferðir er heillandi heimur

Fyrirtækið Fjallasýn í Reykjavíkurverfi var stofnað af Rúnari og konu hans Huldu Jónu Jónasdóttur fyrir fjórtíu árum og allt byrjaði þetta með skólaakstri í sveitinni. Smám saman jókst starfsemin og þau hjón fóru að skoða fleiri möguleika. Fljótt varð til bíll til farþegaflutninga sem Rúnar smíðaði sjálfur og fjallaferðir urðu vinsælar. Nú er fyrirtækið með yfir 20 bíla af ýmsum gerðum og á stórum dögum á annatímanum eru allt að 30 manns að störfum á vegum þess.

Boðið er upp á ferðir um land allt fyrir hópa af öllum stærðum. Þar má m.a. nefna skulþjónustu

sem er í boði og þjónustu við farþega skemmtiferðaskipa sem og aðra ferðamenn er vilja skoða sig um.

Vetrarferðirnar byrjuðu upp úr 1990 og það var, að sögn Rúnar, mikið högg þegar innanlandsflug til Húsavíkur lagðist af árið 1999 og ákveðin sambönd rofðu. Á þessum árum bauð Fjallasýn upp á skoðunarferðir á jeppum, skíðum og snjósleðum. Skoðaðir voru merkir staðir, farið á dorg, skoðað í útihús hjá bændum svo eitthvað sé nefnt. Hann segir það sé hægt að selja dreifbýli á margan hátt og trúir því enn að eitthvað verði upp á við í þessum málum. Hann segir að óskastaðan sé sú að í framhaldi af ferðasúrinu

komi hingað hópar af skólafólki bæði frá Bretlandi og meginlandinu til þess að fræðast um mannlíf og náttúru. Þá séu eldri borgarar líka góður markhópur. „Hér er frábært umhverfi, mikil náttúruferðir og gríðarlegt víðsýni. Okkar opna landslag er annar og heillandi heimur fyrir þetta fólk,“ segir Rúnar sem er hugsi yfir því hvernig eigi að gera þetta sem best.

Margir möguleikar í stöðunni

Hann telur að fyrirtækið Fjallasýn væri betur staðsett í Keflavík eins og staðan er í dag. Hins vegar hefur hann lagt mikið upp úr því að markaðssetja ferðir Þingeyjarsýslna sem eru hans heimabyggð og fáir þekkingu svæðið betur. Honum finnst að landið austan Vaðlaheiðar sé jafnarbyggð að vissu marki en þrátt fyrir það séu möguleikarnir miklir. Hann segir að „dauði tímenn“ geti orðið allt að 6 mánuðir þegar verst lætur. Þetta er erfitt þegar kemur að mannahaldi og verið er að reyna að leysa hlutina með snjómokstri og skólaakstri að vetrinum til þess að halda í gott starfsfólk. Fjallasýn hefur getið sér gott orð fyrir góða bíla og vel útbúna. Þá eru hreinir bílar, að utan sem innan, ákveðið vörumerki fyrirtækisins. Hann segir að það felist mikil ábyrgð í því að aka með fólk og vera þátttakandi í því að gera ferðalög ánægjuleg og minnisverð.

„Mér hefur alltaf fundist gaman að gera fólk greiða og það flyst yfir á þessa gesti okkar sem eru ferðamennirnir. Það gefur mér ákveðna orku að standa í þessu og alla daga er ég að hugsa um hvernig við getum tekið sem best á móti fólk sem vill fara hér um sýslurnar og njóta umhverfisins,“ segir Rúnar sem dregur ekkert undan því að ein helsta áskorun ferðapjónustunnar sé að dreifa ferðamönnum um landið. Honum finnst, eins og mörgum, alltof fáir ferðamenn á ferli yfir vetrarmánuðina í Þingeyjarsýslum. Hann segir að það yrði öllum til góðs að jafna álagið og því vill hann róa að því öllum árum að auka umferðina til Norðausturlands.

Topp 10

Vinsælustu hljóðbækur á Íslandi

		VIKUR Á LISTA
1.	SÁLARHLEKKIR Höfundur: Steindór Ívarsson Lesarar: Álfur Helga Örnólfsson og Helga E. Jónsdóttir	2
2.	STÓRI BRÓÐIR Höfundur: Skúli Sigurðsson Lesari: Kolbeinn Arnbjörnsson	5
3.	ÞAU SEM HURFU Höfundur: Patricia Gibney Lesari: Þórunn Erna Clausen	3
4.	LEYNDARMÁLID Höfundur: Kathryn Hughes Lesari: Sigríður Eyrún Friðriksdóttir	1
5.	HUNGUR Höfundur: Stefán Máni Lesari: Rúnar Freyr Gíslason	6
6.	ÞEGAR FENNIR Í SPORIN Höfundur: Steindór Ívarsson Lesarar: Stefán Jónsson og Lára Sveinsdóttir	5
7.	ÞAR SEM SÓLIN SKÍN Höfundur: Liza Marklund Lesari: Birna Pétursdóttir	3
8.	UPPGJÖR BANKAMANNS Höfundur: Lárus Welding Lesari: Björn Hlynur Haraldsson	1
9.	KROSSGÖTUR Höfundur: Laila Brenden Lesari: Lára Sveinsdóttir	3
10.	ÉG HEITI SELMA Höfundur: Selma van de Perre Lesari: Valgerður Guðnadóttir	5

storytel

Vika 6

Hætta fylgir innflutningi á trjáviði með berki

● Matvælaráðuneytið felldi úr gildi bann MAST

Innflutningur á trjáviði með berki til landsins gæti orðið alvarleg ógn við íslenska skóga að mati sérfræðinga. Matvælaráðuneytið felldi í seinasta mánuði úr gildi ákvörðun sem Matvælastofnun (MAST) tók árið 2021 um að fyrirtæki, sem hafði flutt inn trjáboli með berki frá Póllandi, skyldi eyða þeim eða endursenda úr landi.

Brynja Hrafnkelsdóttir skordýrafræðingur og Edda S. Oddsdóttir sviðsstjóri, sem báðar starfa hjá Skógræktinni, vekja athygli á málinu í grein á vef Skógræktarinnar. Þær benda á að enn sem komið er hafi engin barkarbjöllutegund numið land á Íslandi. Að hluta til sé það eflaust vegna þeirra ströngu reglna sem hér gilda um innflutning á trjáplöntum. „Nágrannalönd okkar hafa ekki verið jafnheppin. Í Evrópu geisa nú alvarlegir barkarbjöllufaraldrar og er talið að vanda málin af völdum þeirra eigi eftir að aukast enn í framtíðinni með áframhaldandi loftslagsbreytingum,“ segir í grein þeirra.

Trjábólinir sem um ræðir voru fluttir til landsins í nóvember árið 2021 sem kolefnisgjafi til framleiðslu á kísilmálm þar sem trjábólinir eru brenndir til að kynda ofna við framleiðsluna. Við afgreiðslu málsins leitaði MAST til ýmissa sérfræðinga og ákvað í kjölfarið að hafna innflutningnum en innflytjandinn kærði þann úrskurð til ráðuneytisins. Í greininni á vef Skógræktarinnar segir að í málinu sé deilt um orðalag í lögum og hvort heilbrigðisvottorð sem fylgdi trjábólunum hafi verið fullnægjandi. „Þá er einnig tekið fram að ekki



Morgunblaðið/Eggert

Tré Innflutningur á við með berki er talinn auka líkur á að barkarbjöllur og fylgisveppir nemi land og hafi alvarlegar afleiðingar fyrir skóga.

sé heimilt að flytja inn „viltar plöntur sem safnað er á víðavangi“. Rökstuðningur MAST var m.a. sá að samkvæmt reglugerðinni væri fortakslaut bann við innflutningi á trjáviði með berki þar sem trjábólinir kæmu af villtum plöntum sem safnað hefði verið á víðavangi. Það var hins vegar mat matvælaráðuneytisins að slíkt ætti ekki við í þessu tilfelli, enda kæmi fram í vottorði erlendra yfirvalda að umrædd tré hefðu verið ræktuð á skógræktarsvæðum þar sem tré væru felld reglubundið, segir í greininni.

Höfundar greinarinnar benda á að margt leynist í trjáberkinum. Helsti ávinningur þess að afbarka við sé að lágmarka hættuna á að barkarbjöllur berist til landsins og sjúkdómar sem þeim fylgja. Fyrir utan tjónið sem barkarbjöllurnar og lifur þeirra valdi á trjánum fylgi

þeim oft sveppir sem einnig geti valdið miklum skaða á trjám og leitt til dauða þeirra. „Barkarbjöllur og örverurnar sem fylgja þeim eru nú eitt alvarlegasta vandamálið sem við er að etja í skógrækt víða um lönd, ekki síst á svæðum þar sem trén eru veik fyrir af öðrum ástæðum, til að mynda vegna þurrka.“

Segja Brynja og Edda að skortur á náttúrulegum óvinum hraði útbreiðslu meindýra, eins og hafi sýnt sig í tilfelli nýrra skaðvalda á birki. „Innflutningur á við með berki eykur líkurnar á að fleiri nýir skaðvaldar nemi hér land, ekki síst barkarbjöllur og fylgisveppir þeirra, sem gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir skóga landsins.

Skiptir þá litlu máli hvort trén eru ræktuð sérstaklega til fellingar eða vaxa í náttúrulegum skógum.“
omfr@mbl.is